



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
TANNLÆKNADEILD



TANNLÆKNISFRÆÐI





## Tannlæknadeild

Við Tannlæknadeild er boðið upp á nám í tannlæknisfræði og tannsmíði. Meginmarkmið náms í Tannlæknadeild er að mennta nemendur í tann- og munnvísindum og stuðla þannig að bættri tann- og munnheilsu þjóðarinnar. Deildin er lítil og persónuleg og býður upp á faglegt og krefjandi nám, þar sem lausnarleitarnám er haft að leiðarljósi og nemendur hvattir til dáða.

Til að hefja nám við deildina þarf stúdentspróf af bóknámsbraut. Almenn þekking á efna- og líffræði er góður grunnur en þó ekki skilyrði. Kennsluefni deildarinnar er að mestu á ensku.

---

### Tannlæknisfræði

---

Kandídatnám í tannlækningum er sex ára nám. Samkeppnispróf eru haldin í desember í lok fyrsta misseris og öðlast átta efstu nemendurnir, sem náð hafa tilskildum lágmarkseinkunum, rétt til áframhaldandi náms.

Náminu lýkur með kandídatsprófi í tannlækningum. Fyrstu þrjú árin eru að mestu helguð grunngreinum læknis- og tannlæknisfræði, s.s. efna-, bit-, röntgen-, erfða-, líffæra-, lífefna- og meinafræði. Síðari námsárin fara að mestu fram á tannlækningastofu deildarinnar þar sem verk- og bóknám er tvinnað saman.

Á tannlækningastofu deildarinnar veita lengra komnir tannlækna- og tannsmíðanemar í verknámi almenningi þjónustu gegn vægu gjaldi. Öll vinna nemenda er unnin undir handleiðslu kennara.

---

### Rannsóknir

---

Eitt meginmarkmiða Tannlæknadeildar er að auka þekkingu og skilning á tannheilbrigðismálum. Kennarar deildarinnar stunda fjölbreyttar rannsóknir í samvinnu við erlenda háskóla og ýmsar rannsóknarstofnanir innanlands sem utan.

Tannlæknanemar geta tekið rannsóknarverkefni sem valgrein og gefst þannig tækifæri til að læra um rannsóknarstarfsemi og annast sjálfir rannsóknir undir leiðsögn umsjónarkennara. Nemendur á sjötta ári taka árlega þátt í keppni norræna og hollenskra tannlæknanema, sem haldin er í Kaupmannahöfn.

Að loknu kandídatnámi við Tannlæknadeild geta nemendur skráð sig í rannsóknartengt meistaranám við deildina.

## Að námi loknu

Kandíðatspróf í tannlækningum veitir rétt til að starfa sjálfstætt við tannlækningar á Íslandi að fengnu leyfi landlæknis. Hægt er að stunda meistara- og doktorsnám við Tannlæknadeild en sérmenntunar í klínískum greinum tannlækninga verður að leita erlendis.

Að kandíðatsprófi loknu starfa flestir sem almennir tannlæknar, ýmist sjálfstætt eða sem aðstoðartannlæknar. Tannlæknar út - skrifaðir frá Háskóla Íslands eru eftirsóttir á alþjóðlegum vinnumarkaði. Íslenskt tannlæknaleyfi veitir rétt til atvinnu í löndum Evrópusambandsins. Undanfarin ár hefur tannlæknum sem starfa við kennslu, ráðgjöf eða rannsóknir hjá opinberum aðilum eða fyrirtækjum fjölgað.



## Félagslíf nemenda

Tannlæknadeild er meðal fámennustu deilda Háskóla Íslands. Engu að síður er félagslíf nemenda öflugt og fjölbreytt. Nemendur fara reglulega í vísindaferðir og sækja námsstefnur heima og erlendis. Árshátíð, jólaglökk og nýnemamóttaka eru meðal árlegra viðburða og ýmsir atburðir eru sameiginlegir með nemendafélögum annarra deilda Heilbrigðisvísindasviðs.

Nemendur eiga fulltrúa í flestum nefndum og ráðum Tannlæknadeildar og Heilbrigðisvísindasviðs og gæta þar að hagsmunum nemenda í hvívetna.

## Tanntæknanám

Tannlæknadeild hefur umsjón með verklegri þjálfun og fræðilegri kennslu tanntæknanema í samvinnu við Fjölbautaskólann við Ármúla. Árlega eru teknir inn 12 nemendur í verklega hluta námsins að loknu bóklegu námi. Verklega námið tekur tvö misseri og er metið til 32 eininga á framhaldsskólastigi.

Nánari upplýsingar á vef Fjölbautaskólans við Ármúla: [www.fa.is](http://www.fa.is)



## Heilbrigðisvísindasvið

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands er í fararbroddi á sviði heilbrigðismála á Íslandi og gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu íslenska heilbrigðiskerfisins með menntun heilbrigðisstarfsfólks.

Á Heilbrigðisvísindasviði er boðið upp á nám í sex deildum: Hjúkrunarfræðideild, Lyfjafræðideild, Læknadeild, Matvæla- og næringarfræðideild, Sálfræðideild og Tannlæknadeild.

### Rannsóknir og nýsköpun

Margir fremstu sérfræðingar þjóðarinnar í heilbrigðisvísindum koma að kennslu og rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Fjölmargar rannsóknastofnir starfa í tengslum við sviðið og áhersla er lögð á gæði, nýsköpun og framþróun.

### Öflug tengsl við atvinnulíf

Fjöldi framsækinnra fyrirtækja úr atvinnulífinu tengjast rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Vísindafolk við sviðið hefur öflug tengsl við atvinnulífið. Sem dæmi um samstarfsaðila má nefna Landspítala-Háskólasjúkrahús, Hjartavernd, DeCode, Össur, Alvogen, Matís, Heilsugæsluna og fjölda sprotafyrirtækja.

---

Tannlæknadeild · Læknagarði, 2. hæð · 101 Reykjavík · Sími: 525 4871 · Fax: 525 4874 · givars@hi.is

[tannlaeknadeild.hi.is](http://tannlaeknadeild.hi.is)

---



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
TANNLÆKNAEILD